

Ed.

290. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5% af váttryggingarfjárhæð ökutækisins samkvæmt 1. mgr. 70. gr., ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á váttryggingafélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags.

2. gr.

3. másl. 76. gr. orðist svo:

Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök.

3. gr.

78. gr. orðist svo:

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags samkvæmt 2. mgr. 73. gr., fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Endurkröfur váttryggingafélags samkvæmt 1. mgr. 73. gr. fyrnast á einu ári frá lokum þess almanaksárs, sem félagið innti greiðslu af hendi. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að tjónsatburðurinn varð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að á undanförunum mánuðum hafi orðið mikil aukning umferðarslysa. Til að hamla á móti þessari ugg-

vænlegu þróun sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til úrbóta, og í því sambandi sé rétt að ákveða, að þeir, sem ábyrgð bera á umferðarslysum með akstri sínum, taki sjálfir þátt í greiðslu tjónbóta að nokkru leyti. Til þessa sé þörf á að breyta ákvæðum umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og til að þær ráðstafanir hafi sem fyrst áhrif beri brýna nauðsyn að breyta þeim lögum með bráðabirgðalögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt váttryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða váttryggingafélaginu fjárhæð, sem nemur 2.5% af váttryggingarfjárhæð ökutækisins samkvæmt 1. mgr. 70. gr., ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, sem þar greinir, gangi fyrir.

Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á váttryggingafélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags.

2. gr.

3. másl. 76. gr. orðist svo:

Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök.

3. gr.

78. gr. orðist svo:

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags samkvæmt 2. mgr. 73. gr., fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Endurkröfur váttryggingafélags samkvæmt 1. mgr. 73. gr. fyrnast á einu ári frá lokum þess almanaksárs, sem félagið innti greiðslu af hendi. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að tjónsatburðurinn varð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. janúar 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.